

SHÍ fundur - 13 apríl.

Mættir eru: *Gabriella Unnur Kristjánsdóttir (R), Heimir Hannesson (V), Edda Hermannsdóttir (R), Hjördís Perla Rafnsdóttir (V), Guðrún Sóley Gestsdóttir (V), Halla Tryggvadóttir (R), Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir (V), Lilja Dögg Jónsdóttir (V), Elínborg Ásdís Árnadóttir (V), Fannar F. Ívarsson (R), Lilja Ósk Magnúsdóttir (R), Magnús Þorlákur (R), Björn Rafn (R), Stefán Rafn (S), Viktor Orri (S), Bergþóra Benediktsdóttir (R), Arnþór Gíslason (S), Jens Fjalar (V).*
Eva Björk Óladóttir, framkvæmdastjóri, er áheyrnarfulltrúi.

1. Student.is

Díana Dögg, vefstjóri Háskóla Íslands, kemur og kynnir hugmyndir af breytingum á vefsíðunni student.is.

Það þarf til að mynda að búa til “flashborða” fyrir auglýsingar svo vefsíðan verði fjárhagslega sjálfbær.

Hún hvetur jafnframt stúdentaráðsliða til að vera virkari til að skrifa greinar inná student.is auk þess að tilkynna “fréttamönnum” student.is um atburði svo að fréttamenn geti mætt á þá.

Hún útskýrir einnig bloggið - hvernig það var upphaflega hugsað.

Farið verður í breytingar forsíðu student.is og forsíðu SHÍ inná student.is á næstu dögum/vikum og hvetur SHÍ liða til að koma með hugmyndir af breytingum.

Að lokum hvetur hún okkur til að koma með athugasemdir um HÍ vefinn.

Netfangið hennar er: webmaster@hi.is / efni@hi.is

2. Fréttir af skrifstofu

Skrifstofan hélt formannafund í seinustu viku, sem gekk í megin atriðum vel og stefnan er sett á að reyna að halda þessa formannsfundi mánaðarlega.

Einnig voru þau að vinna á sumardögum o.fl.

Stefán leggur til að fulltrúar (jafnréttis, alþjóða og fjölskyldufulltrúi) verðir virkjaðir í meiri mæli.

Jens leggur til að nefndirnar sjá um að virkja þá og segir að það þurfi að koma fulltrúunum inni málin áður en þeir taki til starfa.

Jens segir frá því að það sé komin dagsetning á próflokadjamm sem Hjördís Perla kynnir betur = Dikta og Bloodgroup verða að spila og verður ballið á NASA 12. maí.

Jens segir frá því að þau ætli að reyna að fella niður aðildargjald að BN

3. Sumarpróf.

Jens segir frá því að engin svör séu komin frá Rektor um sumarpróf en þau eru væntanleg í lok vikunnar, enn er óvíst um hvaða áfangar verða í boði.

Það er ekki víst að prófin verða í öllum deildum, hægt er þó að reikna með að þetta gangi auðveldlega í félags- og hugvísindasviði.

Guðrún Sóley spyr hvort að einhver aðgerðaráætlun liggi fyrir ef það verða allt of fáir áfangar í boði. Gabriella segir að svo sé ekki en það þurfi að gera.

Lagt er til að halda sig við “klassíkina” og halda setuverkfall, ákveðið er að ræða þetta síðar.

4. Sumardagur HÍ.

Jens kynnir sumardaginn 14. apríl: Nordjobb - Aus o.fl koma og kynna sig fyrir nemendum.

Atlandsolía ætlar að grilla pylsur og svo verða tónleikar á HT.

Lilja Ósk segir að það þurfi að kynna þetta vel og skipuleggja vel.

Viktor Orri spyr hvað sé í boði fyrir atvinnulausa stúdenta í sumar.

Jens svarar að Árni Páll sé búinn að lofa því að allir stúdentar sem sækja um vinnu hjá sveitarfélögum fái vinnu.

Gabriella óskar eftir fólki til að vera í borðasetu fyrir SHÍ á sumardeginum.

5. Niðurskurður innan HÍ.

Jens segir frá því að hann hafi verið á fundi með fulltrúm í stjórn fræðasviða um daginn.

Boðaður er gríðarlegur niðurskurður innan HÍ eða 30%. Jens segir að mikilvægt sé að nemendur hafi eitthvað að segja um hvar niðurskurðarhnífurinn komi niður innan HÍ og að nemendur komi sjálfir með hugmyndir að lausnum um hvar sé hægt að hagræða og skera niður.

Magnús segir frá því að mikilvægt sé að fylkingarnar (Röskva, Skrökva og Vaka) séu samstíga í aðgerðum gegn niðurskurðinum og mikilvægt sé að það sé víðtæk sátt um næstu skref.

Gabriella segir frá hugmyndum um “aðgerðir” gegn þessum niðurskurði og til að kynna niðurskurðinn, vegna þess að nemendur gera sér líklega ekki grein fyrir því hvað HÍ stendur frammi fyrir miklum niðurskurði.

Jens segir líka að stúdentaráð þurfi að marka sér stefnu um sameiningu háskólana.

Umræður fara fram úr mögulega sameiningu HÍ og HR.

6. Klám og menning innan HÍ - stefna SHÍ

Gabríella kynnir umræðuna hún segir frá því að hugmyndir hafa komið upp að SHÍ móti sér stefnu innan um klámvæðingu og hvort SHÍ eigi að gefa frá sér tilkynningu.

Halla segir frá því að mikill áhugi sé á meðal stúdenta innan HÍ og að færri hafi komist að en vildu á fyrirlestur um klámvæðingu um daginn.

Umræður fara fram um klámvæðingu innan háskólans.

Ákveðið er að sökum tímaskorts að taka þetta mál upp frekar á næsta fundi.

Jafnréttisnefnd ætlar að taka saman kynningarefni fyrir stúdentaráðsliða um klámvæðingu í HÍ fyrir næsta fund.

8. Ræstingakonan í VR2

Halla segir frá máli þar sem stofnuð var facebook síða um skúringakonu í VR2. Skúringakonan er 18 ára, frá Póllandi og er hér á landi án fjölskyldu sinnar.

Mörg niðrandi komment voru sett inn á facebook síðuna, einnig hefur einhver “stríðni” í hennar garð viðgengist í VR2.

Eina sem hefur verið gert er að boða stofnanda facebook síðunnar og skúringakonuna á fund þar sem stofnandi síðunnar baðst afsökunar, svo virðist sem HÍ sé að reyna að þagga þetta mál niður til að koma í veg fyrir neikvæða umfjöllun.

Guðrún Sóley og Halla eru búnar skrifa yfirlýsingu þar sem kemur fram að SHÍ vill ekki þagga þetta mál niður.

9. Önnur mál.

Jens tekur til máls og segir að það sé búið að slíta í sundur sjúkra og upptökupróf og meginreglan verður sú að það verði engin upptökupróf, það er hins vegar mikið af undanþágum í þessum nýju lögum.

Ástæðan sem háskólinn gefur fyrir þessu er að hann þurfi að spara fjármagn.

Jens spyr hvort ekki sé skárri að tekin séu upp göld fyrir upptökupróf í staðinn fyrir að sleppa þeim, flestir eru sammála um það.

Samþykkt er að SHÍ sendi frá sér yfirlýsingu um þetta mál.